

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Húnaþingi vestra.

*Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Búland á Hvammstanga.*

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur þann 10. desember 2009, í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir athafnasvæði við Búland á Hvammstanga í Húnaþingi vestra. Breytingin felur í sér að skilgreindum lóðum er fjölgað og nokkrum lóðarstærðum er breytt. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra, 24. mars 2010,*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2010